

málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta og krafizt ómaksbóta 30 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1936.

Nr. 92/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Heinrich Janssen (Jón Ásbjörnsson).

Ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. júní 1935: Kærður, Heinrich Janssen, greiði 20500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands og komi 10 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar fáist hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum H. C. 102 „Steckelhörn“ frá Cuxhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærður allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, sem forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á staði varðbátsins „Ingimundar gamla“ kl. 19,16 og 19,23 hinn 13. júní f. á., samkvæmt mælingum, gerðum þá á varðbátinum, og miðunarlínur þaðan til togarans H. C. 102 Steckelhörn og ennfremur stað þann, þar sem varðbáturinn kom að greindum togara og setti út bauju

kl. 19,27, samkv. mælingum, gerðum á varðbátum kl. 20,30 og 21,26. Niðurstaða forstöðumannsins var sú, að staðir togarans í umrædd skipti hefðu verið í minna en 3 sjómílna fjarlægð, talið út frá beinni línu milli Reynisdranga, sem takmarkar Mýrdalsflóann að vestan, og Kötlutanga, sem téður flói takmarkast af að austan, en sú lína er styttri en 10 sjómílur. Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt málavöxtum þeim og ástæðum, sem getur í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja sannað, að hinn kærði skipstjóri á nefndum togara, Heinrich Janssen, hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðabrot innan landhelgilínunnar, eins og hún var mörkuð á sjóupprætti fyrir 5. nóv. 1928. Brot kærða varðar við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og ber að dæma hann til sektar fyrir það samkv. 3. gr. nefndra laga. Með hliðsjón af gullgengi islenzkrar krónu, samkv. lögum nr. 4 frá 1924, sem nú er 49,28, þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 20500,00, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og skal greiða hana innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella afplánist hún með 7 mánaða einföldu fangelsi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Heinrich Janssen, greiði 20500,00 kr. sekt í Landhelgisjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún

verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 200.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Heinrich Janssen, skipstjóra á togaranum „Steckelhörn“ H.C. 102 frá Cuxhaven, fyrir brot á ákvæðum laga um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. þ. m. kl. 19.10 þegar varðbáturinn Ingimundur gamli var á leið austur með landi nálægt Dyrhólaey, athuguðu þeir á varðbátnum togara framundan á stjórnborða, sem virtist grunsamlega nálægt landi og toga í austur-suðaustlæga stefnu. Var þá kl. 19.16 tekin þessi staðarákvörðun:

Portlandsviti

> 50°30'

Hatta

> 59°30'

Hjörleifshöfði

og togarinn hér um bil beint framundan og virtist hafa sömu stefnu og varðbáturinn. Réttvisandi stefna var 100°. Seinna kom í ljós að togari þessi var togarinn H.C. 102, „Steckelhörn“ frá Cuxhaven. Kl. 19.23 var tekin önnur staðarákvörðun í kjölvatni togarans, rétt fyrir aftan hann, þessi:

Portlandsviti

> 47°

Hatta

> 64°30

Hjörleifshöfði

Kl. 19.27 var komið að togaranum stjórnborðsmegin og rann varðbáturinn fram með honum og setti út bauju laust fyrir framan togarann. Kl. 20.30 var gerð þessi staðarákvörðun af varðbátnum við baujuna:

Portlandsviti

> 43°35'

Hatta

> 67°35'

Hjörleifshöfði

sem gaf stað baujunnar um 0.3 sjómílu innan við landhelgislinu. Um leið var dýpi mælt við baujuna og reyndist það 70 metrar. Hinum kærða skipstjóra var gefinn kostur á að fylgjast með þessum mælingum og gerði hann það. En er einhver andmæli komu fram af hans hálfu, var sóttur sextant um borð í togarann og kom annar stýrimaður með honum um borð í varðbátinn. Var þá eftir ósk hins kærða skipstjóra kl. 21.26 gerð staðarákvörðun alveg við baujuna með þessum sextanti og var þessi niðurstaða:

Dyrhólaviti

> 43°28'

Hatta

> 67°08'

Hjörleifshöfði

Samkvæmt þessari mælingu var staður baujunnar rétt hinn sami og mældur var með sextanti varðbátsins, eða um 0.3 sjóm. fyrir innan landhelgislinu.

Þegar komið var að togaranum kl. 19.27 var hann með stjórnborðsvörpu úti og eftir því, sem hinn kærði skipstjóri hefir kannast við, fyrir réttinum, hafði hann verið að toga um eina kl.st. þar áður og var að því, þegar varðbáturinn stöðvaði hann.

Kærði hefir ekki viljað kannast við, þrátt fyrir þetta, að hafa verið að toga á landhelgissvæðinu og heldur fram, að staður baujunnar sé ekki rétt ákveðinn með mælingunum á varðbátnum, heldur hafi hann í raun og veru verið lítilsháttar fyrir utan landhelgislinuna, 0.2 sjóm.

eða svo. Byggir hann þetta á því, aðallega að samkvæmt kompásmiðunum, er hann sjálfur gerði á varðbátnum og skipstjóri varðbátsins fylgdist með, hafi staður baujunnar reynzt a. m. k. 0.2 sjóm. fyrir utan landhelgislinuna. Þessar kompásmiðanir telur hann ábyggilegri en hornmælingarnar með sextöntunum, eins og hér stóð á. Hann heldur því fram, og vitnisburður tveggja manna af skipi hans styðja þetta að nokkru leyti, að skyggni hafi ekki verið svo gott að unnt væri að taka nákvæmar hornmælingar. Hafi sá staður á Hjörleifshöfða, varða sú, sem miðað var við, alls ekki sézt svo vel í speglum sextantanna, að unnt væri að byggja á því. Auk þess vill hann halda fram, að svo mikil velta hafi verið á varðbátnum, að það hafi gert mælingar frá honum óbyggilegar.

Skipstjóri varðbátsins og stýrimaður frá honum hafa hinsvegar haldið fram fyrir réttinum, og unnið eið að því, að skilyrðin til þess að gera nákvæmar og fullkomlega ábyggilegar hornmælingar, hafi í því tilfelli, er hér er um að ræða, verið mjög góð, þeir bera það báðir fyrir réttinum, að skyggni hafi ekki verið því til fyrirstöðu, að punktar þeir, sem miðanirnar byggðust á, sæjust vel í speglunum. Skipstjóri varðbátsins kveður skyggnið jafnvel hafa verið með því bezta, sem gerist, og stýrimaðurinn heldur fram, að sá punktur á Hjörleifshöfða, sem miðaður var, hafi sézt mjög greinilega í spegli. Á móti þessum skýru og eindregnu og eiðfestu vitnisburðum yfirmanna varðbátsins getur ekki orðið tekið tillit til staðhæfinga kærða, eða framburða undirmanna hans.

Þá verður ekki heldur lagt til grundvallar þegar ákveða skal, hvort kærður sé sýkn eða sekur, kompásmiðanir þær, sem gerðar voru við baujuna. Kompásmiðanir geta eftir eðli sínu aldrei komið til greina móti hornmælingum með sextant, þegar unnt er að taka þær, eins og álíta verður í þessu tilfelli, að hafi verið hægt.

Kærði hefir sýnt réttinum uppdrátt, sem hann hefir notað við staðarákvarðanir, og hann hefir einnig haldið fram og leitt vitni að því, að hafa tekið miðanir til þess að ganga úr skugga um að hann ekki kastaði vörpu sinni eða togaði á landhelgissvæðinu. En enda þótt svo væri, sem hann heldur fram, að þessar kompásmiðanir hafi verið gerðar eins og hann segir, getur það ekki út af fyrir sig

valdið sýknu hans í máli þessu og heldur ekki þó að uppdráttur hans og aðferð við staðsetningu samkv. honum hefði orðið einhver orsök til þess, að hann teldi sig ekki toga á landhelgisvæðinu. Um þetta verður að láta ráða úrslitum þær mælingar, sem gerðar voru á varðbátnum, með ábyggilegum tækjum og engin ástæða er að réttarins áliti til að véfengja. Enda er rétt að taka fram, þó það ekki skipti máli fyrir úrslitin, að sá maður, sem hefir verulegan hug á því, að forðast að toga á landhelgisvæðinu, heldur skipi sínu svo fjarri landhelgislinunni, að ekki komi til mála að skipið komi inn fyrir hana, sem auðvelt hefði verið eins og hér stóð á.

Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að kærður hafi með framangreindu atferli sínu brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til með því, eftir 3. gr. sömu laga, og með hliðsjón af lögum nr. 4 1924, og að þetta er fyrsta brot hans á þessum lögum, og að gullgengi krónunnar er 0.4921, hæfilega ákveðin 20500 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og komi 10 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar fáist hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur skulu veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum H.C. 102, „Steckelhörn“ frá Cuxhaven upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 6. maí 1936.

Nr. 24/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ástu Júlíusdóttur

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ölögleg sala áfengis.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 12. okt. 1935: Ásta Júlíusdóttir, Siglufirði, greiði 250.00 kr. sekt í menningar-